

FUNDARBOÐ

**1775. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 23. nóvember 2016
og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1608030 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar breyting v. vatnsverndarmarka til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

1.liður úr fundargerð SBH frá 15.nóv. sl.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 11. ágúst var samþykkt breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 12.05. 2016, 2013-2025 fyrir breytingu á mörkum vatnsverndar í landi Hafnarfjarðar og hún auglýst í samræmi við 31. gr. laga 123/2010.

Fyrirliggur jákvæð umsögn Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins. Skv. ákvæðum skipulagslaga 2. mgr. 30. gr þarf að kynna tillöguna áður en hún er samþykkt til auglýsingar. Búið er að kynna lýsingu fyrir almenningi og fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar. Umhverfisskýrsla fylgir tillögunni.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 36. gr skipulagslaga 123/2010. og gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 12.05.2016, 2013-2025 fyrir breytingu á mörkum vatnsverndar í landi Hafnarfjarðar, og hún auglýst í samræmi við 1. mgr. 36.gr. laga 123/2010."

2. 1609257 - Undirhlíðanáma, breyting á deiliskipulagi vegna Sandskeiðslínu 1

2.liður úr fundargerð SBH frá 15.nóv. sl.

Lögð fram breyting á deiliskipulagi fyrir Undirhlíðanámu vegna raflína, lagður fram uppdráttur dags. 13.9 2016 ásamt umhverfisskýrslu dags. 15.9. . Matslýsing liggur fyrir skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulags- og byggingarráð leggur eftirfarandi til við bæjarstjórn:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrirliggjandi breytingu á deiliskipulagi Undirhlíða ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr laga um umhverfismat áætlanna nr. 105/2006 og að meðferð málsins verði lokið skv. 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010."

3. 0704123 - Kaldársel, Kaldárbotnar og Gjárnar, nýtt deiliskipulag

3.liður úr fundargerð SBH frá 15.nóv.sl.

Skipulagshöfundur mætti og kynnti tillöguna.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu og gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:
"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag Kaldársels, Kaldárbotna og Gjáanna og að meðferð málsins verði lokið skv. 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010."

4. 1606514 - Fulltrúar í sveitarstjórnnum, viðmiðunarlaunatafla

22.liður úr fundargerð BÆJH frá 3.nóv. sl.
Frestað á fundi bæjarstjórnar 9.nóv. sl.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna telja að algjör forsendubrestur hafi orðið í samþykkt um launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði með úrskurði Kjararáðs. Það var sameiginleg tillaga forsetanefndar þann 30. september sl. og samþykkt af bæjarráði þann 6. október að hlutfall af þingfararkaupi yrði útfært á þann veg að ekki leiddi til launahækkanna. Laun bæjarfulltrúa hafa tekið breytingum í samræmi við almenna launaþróun og óhóflegar hækkanir líkt og Kjararáð hefur nú úrskurðað um getum við ekki gengist undir. Því leggjum við til að bæjarráð staðfesti að launahækkanir samkvæmt úrskurði Kjararáðs þann 1. nóvember muni ekki hafa áhrif á launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði.

Afgreiðslu tillögunnar er frestað til næsta fundar ráðsins.

Fulltrúar Samfylkingar og Vg óska eftir að endurflytja eftirfarandi tillögu sem frestað var í bæjarráði - í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja til að bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykki að launahækkanir samkvæmt úrskurði Kjararáðs þann 1. nóvember sl. muni ekki hafa áhrif á launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði og áfram verði miðað við þau launakjör sem í gildi voru fyrir umdeilda ákvörðun kjararáðs.

Greinargerð:

Við teljum að algjör forsendubrestur hafi orðið í samþykkt um launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði með úrskurði Kjararáðs. Laun bæjarfulltrúa hafa tekið breytingum í samræmi við almenna launaþróun og óhóflegar hækkanir líkt og Kjararáð hefur nú úrskurðað um getum við ekki gengist undir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir og leggur til að fresta afgreiðslu málsins. Frestun málsins er samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna lýsa vonbrigðum með þá ákvörðun fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar að hafa nú frestað í tvígang tillögu okkar um að launahækkanir samkvæmt úrskurði kjararáðs hafi ekki áhrif á launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Það eru kaldar kveðjur til almennra launþega sem ekki hafa fengið viðlíka hækkanir á sínum launakjörum.

Adda María Jóhannsdóttir
Eva Lín Vilhjálmsdóttir
Friðþjófur Helgi Karlsson
Sverrir Garðarsson

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartar framtíðar leggja fram eftirfarandi bókun: Laun kjörinna fulltrúa í Hafnarfirði eiga að vera sambærileg við það sem gerist meðal kjörinna fulltrúa í öðrum sveitarfélögum, fylgja leiðbeinandi tilmælum frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og launaþróun á vinnumarkaði almennt. Í ljósi nýlegrar ákvörðunar kjararáðs telja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar brýnt að Alþingi endurskoði lög um kjararáð og ákvörðun ráðsins sem um ræðir.

Rósa Guðbjartsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Kristinn Andersen
Borghildur Sölvey Sturludóttir
Unnur Lára Bryde
Ólafur Ingi Tómasson
Helga Ingólfssdóttir.

5. 1611030 - Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, gjaldskrá

6.liður úr fundargerð BÆJH frá 17.nóv. sl.
Gjaldskrá SHS lögð fram.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá SHS verði samþykkt.

6. 1604079 - Húsnæðisstefna

14.liður úr fundargerð BÆJH frá 17.nóv. sl.
Lögð fram drög að reglum um stofnframlög.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að reglur um stofnframlög verði samþykktar.

7. 1606445 - Álagningarhlutfall útsvars 2017

17.liður úr fundargerð BÆJH frá 17.nóv.sl.
Skv. 1. málsg. 24. gr. laga nr. 4/1995 skal sveitarstjórn ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári.

Tillaga um að álagningarhlutfall útsvars árið 2017 verði 14,48%.

Bæjarráð samþykkir að vísa tillögu um að álagningarhlutfall útsvars árið 2017 verði 14,48% til bæjarstjórnar.

8. 1611210 - Selhella 4, lóðarumsókn

19.liður úr fundargerð BÆJH frá 17.nóv. sl.
Tillaga: Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að Agli Árnasyni ehf. verði úthlutað lóðinni Selhella 4.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að Agli Árnasyni ehf. verði úthlutað lóðinni Selhella 4.

Fundargerðir

9. 1601859 - Fundargerðir 2016, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.nóv. sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 16.nóv. sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 17.nóv. sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 10.nóv. sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 5.nóv. sl.

c. Fundargerðir stjórnar SSH frá 24.okt. og 7.nóv. sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 18.nóv. sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.nóv. sl.
a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21.okt. sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 18.nóv. sl.

21.11.2016

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri